

Ár 2023, mánudaginn 19. júní, kl. 16.10, er dómþing Dómstóls ÍSÍ háð á TEAMS, af Hilmari Gunnlaugssyni dómara.

Fyrir er tekið málið nr. 6/2023:
Gylfi Sigurðsson
gegn
Skotíþróttafélagi Norðurlands

Fundarboð voru send út í tölvupósti á netföng aðila fyrr í dag og boðað til TEAMS fundar. Mættur er í réttinn kærandi, Gylfi Sigurðsson. Fyrir liggur að forföll fyrirsvarsmanns kærða eru afsakanleg. Engin réttarspjöll verða af útvist í þessu þinghaldi.

Skjöl málsins liggja frammi.

Er nú í dóminum kveðinn upp svofelldur

DÓMUR:

I. Málsmeðferð og dómkröfur.

Með kæru móttékinni 9. febrúar 2023 af skrifstofu ÍSÍ, kærði Gylfi Sigurðsson afgreiðslu stjórnar Skotíþróttafélags Norðurlands á umsókn kæranda um inngöngu í félagið. Áður hafði kærði sett fram kæru af sama tilefni sem hafði verið vísað frá dómi vegna formgalla (mál 3/2023) þann 6. febrúar 2023.

Í endurbættri kæru, sem er kæra í þessu máli, gerir kærandi svofellda kröfu:

- a) *Ég undirritaður krefst inngöngu í Skotíþróttafélag Norðurlands.*
- b) *Getur stjórn iþróttafélags vikið einstaklingi úr félagi hafi félagsmaður ítrekað brotið reglur félagsins?*
- c) *Ég undirritaður krefst þess að Skotíþróttafélag Norðulands dragi höfnun sína til baka og að umsækjandi fái inngöngu í félagið og atkvæðisrétt á komandi aðalfundi.*

Málinu var úthlutað til ofangreinds dómara þann 9. febrúar 2023. Einnig var málum nr. 4 og 5/2023 úthlutað til sama dómara, en þar voru aðrir kærendur að kæra samskonar afgreiðslu stjórnar kærða, þ.e. höfnun á inngöngu í iþróttafélagið. Mánudaginn 13. febrúar 2023 var kærða gefinn frestur til föstudagsins 17. febrúar kl. 15 til að skila greinargerð í öllum þremur málunum, með sérstakri tilkynning í hverju máli um sig. Kærði sendi dómara tölvupóst þann 13. febrúar sl. þar sem hann svaraði í einu lagi öllum kærunum. Dómari tilkynnti formanni kærða að hann liti svo á, kæmu ekki frekari gögn, að umræddur tölvupóstur fæli í sér greinargerð kærða í öllum málunum. Jafnframt leiðbeindi dómari kærða um það hverjar væru formkröfur greinargerða í málum sem rekin væru fyrir dómstóli ÍSÍ, með tilvísan til greinar 27.5 í lögum ÍSÍ, sbr. 26.gr. laganna. Lagði dómari til, að kærði tæki saman greinargerð í hverju máli um sig í samræmi við lög ÍSÍ og tilkynnti að enn yrði litið svo á að kærði hefði frest til að skila slíkum greinargerðum.

Í framhaldi af frekari tölvupóstum frá formanni kærða upplýsti dómari kærða að eingöngu yrði dæmt á grundvelli þeirra gagna sem lögð yrðu fram í fyrirtökum málsins, auk þeirra réttarheimilda sem um málið giltu. Benti dómari kærða á að skynsamlegt kynni að vera að fá ráðgjöf lögfræðings um hagsmunagæslu í málinu. Ekki bárust frekari greinargerðir eða gögn frá kærða á þessu stigi málsins.



Dráttur varð á þingfestingu málsins en þann 22. maí 2023 var málið þingfest. Þar var ákveðið að aðalmeðferð færí fram þann 5. júní 2023. Að morgni 5. júní 2023 sendi fyrirsvarsmaður kærða tilkynningu til dómara um að persónulegar ástæður yllu því að hann myndi ekki mæta í aðalmeðferð málanna þriggja, þar á meðal þessa máls. Dómari mat umræddar ástæður svo, að þær réttlætu frestun málsins og bauð formanni kærða að fresta aðalmeðferðinni. Kærði taldi ekki þörf á því, en boðaði að hann myndi í stað þess að taka til máls senda sérstaka bókun til dómsins, sem hann óskaði að yrði lesin upp í stað ræðu hans. Dómari hvatti formann kærða til að fá annan stjórnarmann til að mæta í hans stað í aðalmeðferðina.

Á milli þinghalda sendi kærandi tölvupóst til dómara þar sem upplýst var að hann hefði í hyggju að draga kæruna til baka. Fyrir seinni fyrirtöku í málinu, aðalmeðferð þann 5. júní 2023, sendi kærandi nýjan tölvupóst þar sem hann upplýsti að hann ætlaði ekki að draga kæruna til baka. Áður en síðarnefndi tölvupósturinn barst hafði dómari upplýst kærða um að hann teldi að þetta mál yrði dregið til baka.

Dómari ákvað að kærandi fengi að halda málinu til streitu, með því að mæta í þá fyrirtöku sem boðað hafði verið til við þingfestingu málsins, enda málið rekið í þinghöldum og ákvarðanir þar teknar. Var málið því ekki fellt niður.

Við fyrirtöku málsins þann 5. júní 2023 var ekki mætt af hálfu kærða. Fyrir fyrirtökuna hafði kærði sent bókun sem dómari sendi til kæranda í málinu. Var sú bókun lögð fram í þinghaldinu, en ekki lesin. Þá var einnig lögð þar fram skrifleg krafa kærða um frávísun málsins, vegna þess að áður hafði borist tölvupóstur um að til stæði að fella málið niður að frumkvæði kæranda. Dómari gaf kæranda kost á að flytja málið af sinni hálfu og bregðast við því sem fram kæmi í bókun stefnda. Að því loknu var málið tekið til dóms þann 5. júní 2023.

Dómkrafa kærða er ekki sett fram með hefðbundnum hætti í skjali því sem hér að ofan hefur verið líst sem greinargerð kærða. Í skjalinu, og við meðferð málsins, verður að telja að komið hafi nægilega skýrt fram að kærði hafnar dómkröfum kæranda og krefst þess að ákvörðun sín um að hafna inngöngu kæranda í félagið verði staðfest.

II. Málsatvik.

Aðilar virðast ekki deila um málavexti sem leiddu til hinnar kærðu ákvörðunar, þ.e. að kærandi hafi þann 24. október 2022 sótt um inngöngu í kærða, Skotíþróttafélag Norðurlands. Kærandi hafi sent kvörtun til HSP þann 5. nóvember 2022. Þann 6. janúar 2023, barst svar frá kærða, þar sem umsókn kæranda um inngöngu í félagið hafi verið hafnað án raka og skýringa. Í kæru kemur fram að það hafi verið gert með svohljóðandi tölvupósti:

Umsókn yðar um inngöngu í Skotíþróttafélag Norðurlands hefur verið rædd og afgreidd. Stjórn félagsins samþykkir ekki umsókn um inngöngu í Skotíþróttafélag Norðurlands að þessu sinni. Og fyrir því liggja ákveðnar ástæður að mati stjórnar sem ekki er hægt að líta framhjá við mat á hæfni umsækjenda.

Fyrir hönd stjórnar Skotíþróttafélags Norðurlands

Kristján Arnarson

Formaður.

Aðilar deila hins vegar ekki sýn á þann hluta málavaxta er snýr að undanfara ákvörðunarinnar.

Af hálfu kærða er í greinargerð félagsins sagt um mál þessa kæranda:



Pá hafa samskipti við þann aðila gegnum árin er undirritaður starfaði í stjórn og sem félagsmaður í SH, einkennst að óheiðarleik. Fjármunum stolið af féluginu SH, eigur og fjármunir félagsins misnotaðar. Stolin skotvopn af SH sem aldrei hafa komið fram þrátt fyrir ítrekaðar spurnir. Aðkoma sliks einstaklings hugnats ekki stjórn SÍN að taka i sínar raðir. Umsókn Ómars því hafnað.

Kærði hefur ekki lagt fram nein gögn til stuðnings framangreindum staðhæfingum eða leitt vitni fyrir dóminn þeim til stuðnings. Í bókun kærða, sem lögð var fram í upphafi aðalmeðferðar þann 5. júní sl., þar sem varð útvist af hálfu kærða, er vísað til bréfa til HSP, ÍSÍ, STÍ, persónuverndar og Samskiptaráðgjafa íþróttat- og æskulýssstarfs-samskipta og vísað til úrskurðar þess síðastnefnda. Ekkert þessara skjala hefur verið lagt fyrir dóminn.

Í bókuninni frá 5. júní 2023 kemur fram að öll stjórn kærða hafi verið sammála um að kærandi, og tveir aðrir einstaklingar sem eru kærendur í öðrum sambærilegum málum hjá dómstóli ÍSÍ, væri ekki hæfur til inntöku í félagið í ljósi aðgerða þeirra, hótana við félagsmenn, grófs eineltis og augljóslegrar hættu á að félagið hlyti skaða af veru þeirra í féluginu.

Af hálfu kæranda hefur framangreindum staðhæfingum verið mótmælt.

III. Málatilbúnaður kæranda.

Kærandi byggir í kæru á því að í lögum kærða séu allir boðnir velkomnir sem félagsmenn, sjá 4. og 5. gr. laga kærða.

Kærandi vísar til f liðar greinar 5.2. í lögum ÍSÍ, sem er svohljóðandi:

Félagsaðild sé ávallt öllum frjáls og ekki séu aðrar takmarkanir á þátttöku í félagsstarfi en þær sem ytri aðstæður, t.d. þjáfunaraðstæður, leyfa.

Kærandi telur lög kærða bjóð alla velkomna í félagið og þar sem engar upplýsingar hafi legið fyrir um félagsgjöld verði að líta svo á að þau hafi ekki verið ákveðin, en það verði eingöngu gert á aðalfundi. Dylgjum um ástæður og mat á umsækjanda er hafnað, enda óútskýrðar og hafa enga lagastoða hjá féluginu eða íþróttahreyfingunni.

IV. Málatilbúnaður kærða.

Hér í málavaxtalýsingu var lýst megininttaki þess er fram kemur í greinargerð kærða, þ.e. tölvupósti sem sendur var til að bregðast við kærum í málum 4, 5 og 6/2023. Í bókun kærða frá 5. júní 2023 er nokkuð bætt við málatilbúnað kærða. Þar segir:

Í svarbréfi sendu á [dómstól ÍSÍ], var forsaga þess rakin í stórum dráttum hversvegna umsókn um félagsaðild kærandanna Gylfa Sigurðssonar, Garðars Héðinssonar og Ómars Arnar Jónssonar var hafnað af stjórn Skotíþróttafélags Norðurlands. Allir þessir aðilar hafa barist gegn Skotíþróttafélagi Norðurlands og félagsmönnum þess alveg frá því að umsóknargögnum var skilað inn til HSP um inngöngu í heráðssambandið. Brotnar voru síðareglur HSP og ISI strax við umsókn félagsins. Trúnaður brotin af hendi formanns Skotfélags Húsavíkur sem á þeim tíma sat líka í stjórn HSP. Haft var í hótunum við félagið og stofnendur þess sem urðu ma til þess að aðili dróg sig til baka sem stofnfélagi vegna hótana. Og í kjölfarið farið í aðgerðir gegn félagsmönnum sem í Skotíþróttafélagi Norðurlands voru sem bitnuðu á öðrum iðkenndum um allt land. Bæði Skotfélagi Húsavíkur og Skotfélagi Akureyrar tóku upp sérstakar reglur til þess. Allt um þetta má finna í bréfum sendu til stjórnar HSP, ISI, STI, persónuverndar og Samskiptaráðgjafa íþróttat- og æskulýssstarfssamskipta. Sjá má úrskurð þess síðastnefnda



varðandi aðgerðir stjórnar Skotfélags Húsavíkur gegn félagsmönnum sínum og félagsmönnum Skotíþróttafélags Norðurlands. Sama svar má heimfæra beint á stjórn Skotfélags Akureyrar sem tóku upp sömu heftanir. Athyglisvert er að sjá og vita, hversvegna einstaklingar sem hafa mánuðum saman barist gegn tilurð okkar litla skotfélags með aðgerðum, einelti og hótunum, vilji allt í einu gerast félagsmenn þess félags? Vart er það gert til frekari uppbyggingar. Og beita fyrir sigumsókn sem sitjandi stjórnarmenn í STI.

Kærendur hafa með aðgerðum sínum valdið félagsmönnum fjártjóni, mikillar vanlíðunar vegna grófs eineltis að þeirra hálfa og hótunum um frekari aðgerðir, eyðilagt vegferð íþróttafólks sem telst til afreksmanna innan íþróttahreyfingarinnar.

Stjórn Skotíþróttafélags Norðurlands var öll sammála um að þessir 3 einstaklingar væru ekki hæfir til inntöku í félagið í ljósi aðgerða þeirra, hótana við félagsmenn, grófs eineltis og augljóslegrar hættu á að félagið hlyti skaða af veru þeirra í félaginu. Stjórn félagsins ber að gæta hagsmuna sinna félagsmanna og það var gert. Önnur skotíþróttafélög innan STI og ISI hafa í sínum lögum og hafa haft frá 1988 í einu og 1994 í öðru, ákvæði um samþykki stjórnar fyrir inntöku félagsmanna. Við teljum rétt okkar félags hljóti að geta gert hið sama og önnur eldri og stærri skotfélag.

Okkar mat er einfaldlega að við munum ekki samþykkja umsækjendur sem falla td undir eftirfarandi:

1. *Hafi gerst sekir um brot á íslenskum skotvopnalögum*
2. *Hafi sýnt af sér hegðun sem ekki samræmist góðum félagsanda og brotum á siðareglum íþróttahreyfingarinnar.*
3. *Hafi sýnt það í verki með aðgerðum og röngum sakargiftum (samkv. 148gr hegningarlaga) eyðilagt uppbyggingu einstaklinga til iðkunar íþróttar og þátttöku í skotíþrótt sinni.*
4. *Hafi beytt einstaklinga, bæði stofnendur og aðrar félagsmenn í okkar félagi svo og aðrar félagsmenn í öðrum skotfélögum þvingunum og öðrum úrræðum til að halda þeim frá iðkun skotíþróttá félagssvæðum þeirra.*
5. *Beitt félagsmönnum sínum og félagsmönnum annara skotfélaga grófu einelti með aðgerðum gegn þeim.*
6. *Einstaklinga sem uppvísir hafi verið á misnotkun fjármuna og eigna innan íþróttafélags.*

V. Forsendur og niðurstöður.


Að teknu tilliti til fresta til að skjóta málum að nýju til dómstóls ÍSÍ eftir frávísun var mál þetta höfðað innan kærufrests.

Aðilar máls þessa eru ólöglærðir og hafa ekki notið aðstoðar lögfræðings við meðferð málsins fyrir dóminum. Áður hafði kæru kæranda verið vísað frá domi þar sem hún var ekki talin fullnægja lágmarkskröfum laga ÍSÍ.

Eins og að framan greinir eru dómkröfur kæranda eftirfarandi:

- a) *Ég undirritaður krefst inngöngu í Skotíþróttafélag Norðurlands.*
- b) *Getur stjórn íþróttafélags vikið einstaklingi úr félagi hafi félagsmaður ítrekað brotið reglur félagsins?*
- c) *Ég undirritaður krefst þess að Skotíþróttafélag Norðulands dragi höfnun sína til baka og að umsækjandi fái inngöngu í félagið og atkvæðisrétt á komandi aðalfundi.*

Það er grunnregla í íslensku réttarfari, sem telja verður að eigi einnig við um málsmeðferð kærumála fyrir dómstóli ÍSÍ, að dómstólar verða ekki spurðir spurninga



um lögfræðilegt álit, sbr. 25. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Gera verður kröfu um skýra hagsmuni kæranda af niðurstöðu um mál og að niðurstaða dómsmáls taki á raunverulegu atviki þar sem kærandi á lögvarða hagsmuni.

Dómkrafa a) felur í sér beiðni um að dómstóll ÍSÍ samþykki að veita kæranda inngöngu í Skotíþróttafélag Norðurlands. Efnislega má segja að sama krafa felist í kröfulið c), en þó er sá munur á, að með dómkröfunni í a) lið er farið fram á jákvæða afgreiðslu / athöfn af hendi dómsins. Slík ákvörðun er ekki meðal þeirra sem taldar eru upp í 38. gr. laga ÍSÍ um niðurstöður dómstóla ÍSÍ. Þar sem kröfuliður c) fær efnismeðferð í máli þessu, verður að telja að kærandi hafi ekki lögvarða hagsmuni af því að fá þessari dómkröfu svarað. Því sé ekki þörf á nánari greiningu á því hvort hún sé tæk til afgreiðslu af hálfu dómsins. Er henni því vísað frá dómi.

Dómkrafa sem merkt er b) í kæru, felur í sér almenna lögfræðilega spurningu. Eins og hún er sett fram, verður ekki hjá því komist að líta svo á að þar sé í raun verið að biðja um lögfræðilegt álit á því álitaefni hvort yfir höfuð megi víkja einstaklingi úr íþróttafélagi. Í hinni kærðu ákvörðun er ekki verið að vísa neinum úr íþróttafélagi. Verður því að vísa þessari dómkröfu frá dómi, m.a. með vísan til meginreglu íslensks réttarfars er birtist í 1. mgr. 25. gr. laga 91/1991.

Að mati dómsins felur c) liður dómkrafna í sér kröfu um:

Að dómstóll ÍSÍ felli úr gildi þá ákvörðun kærða, Skotíþróttafélags Norðurlands, frá 6. janúar 2023, að hafna umsókn kæranda, Gylfa Sigurðssyni, um inngöngu í kærða.

Dómari telur kröfu kærða um frávísun sem barst í sérstökum tölvupósti skömmu fyrir aðalmeðferð mólsins, þar sem útvist varð af kærða, hvorki hafa lagastoð né hafa borist á réttum tíma. Þó hefur dómari tekið til skoðunar hvort frávísun komi til greina ex officio, þ.e. án kröfu (að frumkvæði dómsins). Eins og dómari leitaðist við að leiðbeina aðilum, þá eru mál af þessum toga tekin fyrir og formlega rekin í þinghöldum. Þar fara dómstörfin fram. Með því að mæting fíll ekki niður af hálfu kæranda og með því að kærandi tilkynnti aldrei í fyrirtöku um hug sinn á að fella málið niður, heldur þvert á móti ítrekaði kröfur sínar og vilja til að fá dóm, þykir ekki unnt að fallast á frávísunarkröfu kærða.

Verður málið (dómkrafa c) því tekið til efnismeðferðar á framangreindum grunni.

ÍSÍ er landssamband héraðssambanda/íþróttabandalaga og sérsambanda. Aðilar að héraðssamböndum/íþróttabandalögum eru félög sem hafa iðkun íþrótta á stefnuskrá sinni. Aðilar að sérsamböndum eru héraðssamböndin/íþróttabandalögin.

Héraðssambönd/íþróttabandalög eru mynduð eftir legu og aðstöðu til samvinnu um iðkun íþrótta. Sérsambönd eru mynduð um ákveðnar íþróttagreinar og eru landssamtök allra héraðssambanda/íþróttabandalaga, sem hafa iðkun þeirrar íþróttagreinar á stenfuskrá sinni. Aðeins má viðurkenna eitt sérsamband fyrir hverja íþróttagrein og er þá miðað við að það samband verði eða geti orðið aðili að alþjóðasérsambandi fyrir þá íþróttagrein, er njóti viðurkenningar Alþjóðaólympíunefndarinnar.

Þó ekki liggi í máli þessu skjöl þar um, þá verður málatilbúnaður aðila skilinn svo, að enginn ágreiningur sé um að Skotíþróttafélag Norðurlands hafi verið löglega stofnað



og að það sé aðili að Héraðssambandi Þingeyinga og Skotíþróttasambandi Íslands (STÍ). Hafa fulltrúar frá héraðssambandinu og sérsambandinu mætt sem áhorfendur í þinghald í máli þessu. Þá er kærði meðal aðildarfélaga STÍ og HSÞ á heimasíðu þessara aðila. Á síðarnefndu heimasíðunni kemur fram að kærði hafi verið stofnaður 12. desember 2021.

Í 17. gr. laga HSÞ kemur fram að innganga aðildarfélags í HSÞ sé einnig háð samþykki ÍSÍ og/eða UMFÍ á lögum viðkomandi félags. Í 15. gr. laga STÍ kemur fram að skotsérráðin (héraðssamböndin) séu milliliðir milli félaga sinna og stjórnar STÍ. Ekki er fjallað um aðild einstaklinga að einstökum félögum í þessum lögum.

Í lögum kærða giltu eftirfarandi ákvæði þegar hin kærða ákvörur var tekin:

4. gr.

Félagi getur hver sá orðið sem er íslenskur ríkisborgari. Erlendir ríkisborgarar geta orðið félagar í Skotíþróttafélagi Norðurlands, séu þeir búsettir hér á landi. Um inntöku þeirra gilda sömu reglur og um íslenska ríkisborgara.

5. gr.

Félagar greiða árgjálða til félagsins. Upphæð árgjalds er ákveðin á aðalfundi. Félagi nýtur fullra réttinda ef hann er skuldraus við félagið. Skuldi félagsmaður árgjöld fyrir tvö ár má stjórnin víkja honum úr féluginu að undangenginni innheimtutilraun. Aðalfundi er heimilt að setja sérstakt inntökugjald í félagið.

Í lögum ÍSÍ er að finna ákvæði um starfsskilyrði í íþróttahreyfingunni. Þar kemur fram í grein 5.a. að óheimilt sé að velja einstaklinga sem vitað er til að hafi hlotið refsídóma vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 til starfa innan íþróttahreyfingarinnar. Þetta gildi bæði um þá einstaklinga sem starfa sem sjálfboðaliðar og launþegar. Sama gildi um þá sem hlotið hafa refsídóm fyrir brot gegn lögum um ávana- og fikniefni, nr. 65/1974, á síðastliðnum fimm árum.

Telja verðu að ákvæði 5.a. sé ætlað að tryggja iðkendur félaga og skoða beri þá skerðingu á frelsi einstaklinga sem hlotið hafa síða dóma með það að leiðarljósi. Ekki fæst séð að á grundvelli þessa ákvæðis sé hægt að meina einstaklingi um að gerast félagi í íþróttafélagi og greiða þar árgjald, þó unnt sé (og skylt) að takmarka heimildir viðkomandi til að starfa innan félagsins.

Þegar af þessari ástæðu verður ekki talin ástæða til að huga nánar að þeim ávirðingum sem kærði hefur sett fram á hendur kæranda. Því má þó bæta við að ekki fæst séð að þær ávirðingar lúti að brotum á þeim lagaákvæðum sem grein 5.a í lögum ÍSÍ fjallar um. Verður synjun kærða um inngöngu kæranda því ekki byggð á þessu ákvæði laganna.

Í grein 5.2. í lögum ÍSÍ segir um skilyrði fyrir inngöngu **félags** í héraðssamband/íþróttabandalög að þau séu:

- a. Félagið hafi iðkun íþróttar sem samþykkt hefur verið af framkvæmdastjórn ÍSÍ á stefnuskrá sinni.
- b. Félagið standi ekki fyrir iðkun íþrótta sem framkvæmdastjórn ÍSÍ telur að geti vegna eðlis og markmiðs íþróttarinnar valdið heilsutjóni.
- c. Rekstur íþróttafélags sé einskorðaður við hagsmuni þess og þeirrar starfsemi sem tengist iðkun íþrótta og sé ekki í hagnaðarskyni.



- d. Lög félagsins gangi hvorki í berhögg við lög og reglur ÍSÍ né hlutaðeigandi héraðssambands/íþróttabandalags og hafi hlotið staðfestingu þeirra. Allar síðari lagabreytingar skulu staðfestar af stjórn hlutaðeigandi héraðssambands/íþróttabandalags og framkvæmdastjórn ÍSÍ.
- e. Fylgst sé með viðkomandi félagi af hlutaðeigandi héraðssambandi/íþróttabandalagi. Ef málefni sem þarfnað skoðunar er á forræði sérsambands ÍSÍ, þá skal leita ráðgjafar hjá sérsambandi viðkomandi íþróttar.
- f. Félagsaðild sé ávallt öllum frjáls og ekki séu aðrar takmarkanir á þátttöku í félagsstarfi en þær sem ytri aðstæður, t.d. þjálfunaraðstæður, leyfa.
- g. Félagið haldi skrá yfir félagsmenn sína og iökendur. Skráning félagsaðildar tekur gildi þegar viðkomandi hefur verið skráður í félagatal félagsins og að sama skapi tekur úrsögn gildi þegar viðkomandi hefur verið skráður úr félagini. Það er á ábyrgð félagsmanns að ganga úr skugga um að skráning/afskráning hafi átt sér stað hjá félagini.
- h. Félagsmenn hafi allir sama rétt, þ.m.t. atkvæðisrétt um málefni félagsins, sbr. þó 7. gr.
- i. Nafn félagsins samrýmist íslensku máli og málvenju. Leitast skal við að velja ekki nafn á félagið sem er þegar í notkun hjá félagi/félögum á Íslandi.
- j. Félagið sé óháð erlendum samtökum um allt annað en alþjóðaíþróttareglur enda gangi þær hvorki í berhögg við lög ÍSÍ né reglur Alþjóðaólympíunefndarinnar, IOC.
- k. Félagið sé skráður lögaðili.

Kærandi í málinu byggir á ákvæði f-liðar hér framar. Af því ákvæði verður ráðið að meginreglan sé skýr, einstaklingur sem óskar inngöngu í íþróttafélag á rétt á inngöngu. Túlka má ákvæðið svo að það sé ekki bara meginregla, heldur sé það fortakslaust að félagsaðild sé ávallt öllum frjáls. Þannig að ytri aðstæður, t.d. þjálfunaraðstæður, geti eingöngu leitt til þess að réttlæta takmarkanir á þátttöku félaga, en ekki leitt til þess að einstaklingi sé synjað um félagsaðild.

Í málí þessu verður málatilbúnaður kærða skilinn svo, að kærði telur umsókn kæranda og fleiri aðila, fela í sér aðför að kærða. Hægt er að hugsa slíka aðstöðu, að hópur félagsmanna í fjölmennu félagi taki sig saman og nái meirihluta í fámennu félagi. Slíkt gæti fræðilega falið í sér misnotkun á íþróttafélagi. En gera verður ríkar kröfur til sönnunarfærslu á slíkri aðstöðu og í þessu málí liggur ekkert fyrir um að annarleg sjónamið búi að baki umsókn um aðild að kærða. Er því ekki tilefni til að leggja mat á hvort slikar sérstakar aðstæður geti leitt til fráviks frá grunnreglu þeirri sem birtist í ákvæði 5.2, f-lið, í lögum ÍSÍ.

Gera verður greinarmun á rétti til að gerast félagi í íþróttafélagi og þess að njóta keppnisréttar fyrir íþróttafélagið / vera hlutgengur. Um hið síðarnefnda gilda jafnan reglur um félagaskipti hjá sérsamböndum, í þessu tilviki reglugerð um félagaskipti og keppnisrétt í nýju félagi frá 15. febrúar 2006 hjá STÍ. Einnig kemur jafnan fram í mótaareglum að skilyrði fyrir keppnisrétti sé að einstaklingur sé aðili að því félagi sem hann keppir fyrir, sjá t.d. 1. mgr. 11. gr. Móta og keppnisreglna STÍ, sjá einnig 2. gr. Móta- og keppendareglna ÍSÍ frá 2002. Einstaklingur getur þannig jafnan verið iökandi/með hlutgengi hjá einu félagi í hverri íþróttagrein. Í Reglugerð ÍSÍ um félaga-, iökenda- og keppendatal frá 1998 eru þessi hugtök skilgreind nánar. Kærði hefur ekki byggt á því að aðild kæranda að öðru íþróttafélagi sé ástæða synjunar á aðild hans að kærða. Er því ekki þörf á að greina nánar, hvort slíkt skilyrði myndu standast lög ÍSÍ.



Verður því hér lagt til grundvallar að engu skipti um niðurstöðu í máli þessu, hvort umsækjandi um aðild að íþróttafélagi sé aðili í öðrum íþróttafélögum.

Til að hljóta viðurkenningu sem íþróttafélag er gerð krafa um að starfað sé í anda olympíuhugsjónarinnar, sem snýst meðal annars um að hvetja til íþróttta fyrir alla. Lög ÍSÍ um að öllum standi aðild að íþróttafélagi til boða, sbr. ákvæði f liðar greinar 5.2. taka af tvímæli í þessum eftum. Ekkert hefur komið fram í máli þessu sem getur réttlætt frávik frá þeirri skýru reglu. Verður því að fallast á kröfu kæranda um að sú ákvörðun að synja honum um félagsaðild verði felld úr gildi.

Dóm þennan kvað upp Hilmar Gunnlaugsson dómari í dómstól ÍSÍ.

Dómsorð:

Kröfum kæranda samkvæmt a) og b) lið er vísað frá dómi.

Ákvörðun stjórnar kærða, Skotíþróttafélags Norðurlands, sem tilkynnt var þann 6. janúar 2023, um að hafna kæranda, Gylfa Sigurðssyni, aðild að féluginu, er felld úr gildi.

Dómsorðið er lesið í heyrandi hljóði.

Kærða er bent á ákvæði 35.3 í lögum ÍSÍ, en þar er mælt um að áfrýjunarfrestur til áfrýjunardómstóls ÍSÍ sé ein vika frá því að aðila var kunnugt um niðurstöðuna, en þó eigi síðar en 4 vikum eftir að dómur var upp kveðinn.

Dómpingi slitið



Hilmar Gunnlaugsson.